

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sent rafrænt á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 27. nóvember 2019.

**Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974 með síðari breytingum (neyslurými) 328. mál, lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020.**

FRÆ, Fræðsla og forvarnir taka undir mikilvægi markmiðs frumvarpsins eins og það er sett fram í greinargerð, að „...koma í veg fyrir frekari óafturkræfan skaða og auka lífsgæði og bæta heilsufar einstaklinga sem neyta ávana- og fikniefna í æð“. Það þarf þó að huga betur að ýmsum þáttum.

Þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir að kveðið verði á um nánari útfærslu og skilyrði um neyslurými í reglugerð sem ráðherra setji teljum við mikilvægt að í lögnum sé skýrar kveðið á um óvissuþætti sem varða til dæmis stöðu, skyldur og refsíbyrgð starfsmanna neyslurýma og heimildir og skyldur lögreglu og ákærvalds.

Við teljum mikilvægt að missa ekki sjónar á því mikilvæga viðfangsefni að leita allra leiða til þess að draga úr þörfinni fyrir þjónustu af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Liður í því er að tengja hana heildstætt (samþætta) ýmiss konar annarri þjónustu sem miðar að sama marki, svo sem geðþjónustu, ráðgjöf, húsnæðisþjónustu, félagslegum stuðningi og markvissri hvatningu og stuðningi við að leita sér meðferðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimila megi sveitarfélögum að stofna og reka neyslurými, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr. Lesa má út úr greinargerð með frumvarpinu að þar komi einnig almannaheillasamtök til greina. Að okkar mati ætti stofnsetning neyslurýma, rekstur og fagleg ábyrgð, sem skilgreina má á grundvelli kröfulýsingar, að vera á forræði ríkisins sem jafnframt ábyrgðist fjármögnun þeirra; stofnsetningu og rekstur. Framkvæmdin gæti engu að síður verið í höndum sveitarfélaga eða almannaheillasamtaka í formi þjónustusamninga. Fyrir slíkum samningum eru fjölmörg fordæmi.

Fyrir hönd Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

*Þekking í þágu forvarna*